

## Takmörkuð húftrygging skipa

### Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
  - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
  - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

### Tjónagrunnur

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

**Efnisyfirlit**

2	Munir sem vátryggingin nær til .....	3
3	Vátryggingarverð .....	3
4	Gildistími – Endurnýjun – Réttur til uppsagnar .....	3
5	Siglingasvæði .....	4
6	Það sem félagið bætir: .....	4
7	Það, sem félagið bætir (skaðabótakrafa þriðja aðila) .....	5
8	Skip sama eiganda .....	5
9	Undanskildar áhættur .....	5
10	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar .....	5
11	Tilkynning um tjón - Ráðstafanir vegna tjóns o. fl. ....	6
12	Aukin áhætta .....	6
13	Varúðarreglur .....	6
14	Gáleysi og ásetningur .....	6
15	Tjónsfrádráttur .....	6
16	Réttur félagsins til að fjalla um kröfu þriðja aðila .....	6
17	Fjárhæð vátryggingarbóta .....	6
18	Krafa um bætur fyrir algert tjón .....	7
19	Réttur til leifa vátryggðra hluta .....	7
20	Endurkröfuréttur .....	7
21	Greiðsluskylda félagsins .....	7
22	Tímafrestir - Fyrning .....	7
23	Almennt um iðgjaldið .....	7
24	Endurgreiðsla iðgjalds .....	7
25	Eigandaskipti .....	8
26	Réttur veðhafa gagnvart félaginu - Tilkynning um veðsetningu .....	8
27	Uppsögn og aðrar ráðstafanir yfir vátryggingunni .....	8
28	Uppgjör tjóna, ákvörðun bóta .....	8
29	Greiðsla bóta .....	8
30	Reglur um samsömun .....	8
31	Ágreiningur .....	8
32	Heimili og varnarþing .....	9

## 2 Munir sem vátryggingin nær til

- 2.1 Vátryggingin tekur til skips þess, sem tilgreint er á vátryggingarskírteininu, fylgifyr þess, vista og birgða, sem eðlilegar mega teljast. Til skips og fylgifyrjar teljast m.a. vélar skipsins, gangskrúfa og aðrar skrúfur, ásamt öxlum og gírum, rafkerfi, fiskleitartæki, dýptarmæli, ratsjá, lórantæki, loftskeyta- og kalltæki ásamt nauðsynlegum búnaði og varahlutum, enda séu þessir munir um borð í skipinu.
- 2.2 Undir vátrygginguna falla ekki fiskkassar og veiðarfæri þ.á.m. varpa ásamt hlerum og vírum, nætur, nemar og sendar festir við veiðarfæri, net, línur, færi, belgir, baujur og bólfæri.

## 3 Vátryggingarverð

- 3.1 Í byrjun hvers vátryggingartímabils skulu vátryggingartaki og félagið koma sér saman um vátryggingarverðið.
- 3.2 Gildandi vátryggingarverð kemur fram í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Tjón bætast í samræmi við það vátryggingarverð sem í gildi er á tjónsdegi.
- 3.3 Ákvörðun um vátryggingarverð má víkja til hliðar skv. kröfu félagsins ef vátryggingartaki hefur gefið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atvik sem höfðu þýðingu fyrir verðákvörðunina, sbr. 36.gr. laga nr. 30/2004.
- 3.4 Til viðbótar húftryggingunni er vátryggingar-taka heimilt að kaupa sérstaka hagsmuna-tryggingu fyrir skipið til að mæta beinu og óbeinu fjárhagslegu tjóni, sem hann kann að bíða við það, að skip ferst. Vátryggingarverð hagsmunatryggingarinnar má þó ekki vera hærra en 1/4 hluti af vátryggingarverði húftryggingarinnar.

## 4 Gildistími – Endurnýjun – Réttur til uppsagnar

- 4.1 Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur vátryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um vátrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða vátryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 4.2 Vátrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á vátryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun vátryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok vátryggingartímabilsins. Hafi vátryggingartaki ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt vátryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.
- 4.3 Ef vátryggingu myndi lokið, meðan skip er á ferð sinni, hvort heldur það er samkvæmt vátryggingasamningnum eða fyrir uppsögn vegna annarra atvika en vanskila á greiðslu iðgjalds, fellur samningurinn þó fyrst úr gildi við lok komudags skipsins til fyrsta ákvörðunarstaðar þess.
- 4.4 Ef vátryggingin framlengist af þessum sökum, getur félagið krafist iðgjalds fyrir framlenginguna, 1/365 hluta af síðasta ársiðgjaldi fyrir hvern dag sem vátryggingin er framlengd.
- 4.5 Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins.
- 4.6 Ef félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna skal tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á vátryggingarskilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun vátryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.
- 4.7 Félagið getur sagt upp vátryggingunni:

1. Ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004.
2. Ef vátryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingasamningum sínum við vátryggðan.
3. Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör vátryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingasamningum sínum við vátryggðan.
4. Eftir að tjón hefur orðið, ef
  - a. vátryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
  - b. vátryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
  - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

5. Ef notkun hins vátryggða eða starfsemi vátryggðs breytist á vátryggingartímanum á þann hátt að:
  - a. Félagið hefði ekki tekið að sér vátrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku vátryggingarinnar.
  - b. Það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

6. Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
7. Ef alvarlegur trúnaðarbrestur verður milli félagsins og vátryggingartaka.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

## 5 Siglingasvæði

- 5.1 Vátryggingin gildir á meðan skip er í fiskveiðilandhelgi Íslands og ef skip fer ekki suður fyrir 48° norðlægrar breiddar og vestur fyrir 45° vestlægrar lengdar.
- 5.2 Vátryggingin gildir ekki fyrir útleigu og/eða fólks- eða vöruflytninga, nema með samþykki félagsins.

## 6 Það sem félagið bætir:

- 6.1 Algert tjón í eftirfarandi tilvikum:
  - a. Skipið ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum, að ekki er unnt að bjarga því eða gera við það.
  - b. Skipið verður fyrir svo miklum skemmdum, að kostnaður við að bjarga því og gera við það nemur hærrí fjárhæð en vátryggingarverðinu.
  - c. Skipið hverfur úr umráðum vátryggðs og ekki hefur spurst til skipsins í 90 daga.
  - d. Skipið er hernumið eða kyrrsett af erlendu ríki eða erlent ríki leggur farbann á skip eða farm þess og það er eigi látið laust innan sex mánaða. Ákvæði þetta á ekki við um tjón sem er bætt úr venjulegri stríðs- og óeirðatryggingu.
- 6.2 Kostnað við björgun og aðrar ráðstafanir til varnar tjóni, sbr. 38. gr. laga nr. 30/2004.

- 6.3 Þátttöku í sameiginlegu sjóttjóni, eins og slík Þátttaka er ákveðin í York/Antwerpen reglunum frá 1974. Félagið greiðir framlag það til sjóttjónsbóta sem kemur í hlut vátryggingartaka að greiða skv. niðurlögnun tjónsins.

## 7 Það, sem félagið bætir (skaðabótakrafa þriðja aðila)

- 7.1 Tjón sem skipið veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun þess, enda sé tjónið bein afleiðing skemmda á munum eða líkamsmeiðsla og vátryggingartaki ábyrgur að lögum.
- 7.2 Kostnaður við að fjarlægja flak skipsins og kostnaður við að komast hjá slíkum bótakröfum.
- 7.3 Hámark samanlagðra bóta samkvæmt 7.1 og 7.2 vegna eins tjónsatburðar er það hámark sem kveðið er á um í 1.-3. mgr. 177. gr. siglingalaga nr. 34/1985.
- 7.3 Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að vátryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð. Sama gildir um vexti sem vátryggingartaki er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem vátryggingin tekur til. Vextir greiðast ekki af hærri fjárhæð en þeirri sem greidd er skv. hámarki gr. 7.3.

## 8 Skip sama eiganda

- 8.1 Nú rekst vátryggt skip á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er félagið þá greiðsluskylt, þótt það skip sé eign vátryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn.
- 8.2 Þegar svo stendur á, geta vátryggður og félagið falið einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð.

## 9 Undanskildar áhættur

- 9.1 Skaðabótakrafa frá starfsmönnum eiganda eða útgerðarmanns. Sama gildir um skaðabótakröfu frá eigendum afla eða annars, sem skipið flytur.
- 9.2 Tjón, sem stafar af efnisgalla, smíðisgalla eða viðgerðargalla.
- 9.3 Tjón, sem stafar af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum. Sama gildir um tjón, sem rakið verður til hönnunargalla og/eða breytinga, sem gera þarf á skipinu vegna hönnunargalla.
- 9.4 Tjón, sem stafar af því að skipið var óhaffært, er það lét síðast úr höfn, ófullnægjandi útbúið eða mannað, hafði eigi nauðsynleg skipsskjöl eða var eigi tryggilega hlaðið.
- 9.5 Tjón, sem rakið verður til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.
- 9.6 Tjón af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

## 10 Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

- 10.1 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.
- 10.2 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.
- 10.3 Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp

öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 7. gr. skilmála þessara.

## 11 Tilkynning um tjón - Ráðstafanir vegna tjóns o. fl.

- 11.1 Þegar tjón er orðið, skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir, ef hann fær eða ætti að fá vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má, að váttryggingin ná til verði gerð á hendur honum.
- 11.2 Er váttryggingaratburðurinn hefur gerst eða bein hættu er á því, að hann muni bera að höndum, ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Einnig ber váttryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslukröfu félagsins, ef hann á rétt til bóta frá þriðja manni.
- 11.3 Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 11.4 Viðurkenning á bótaskyldu eða samningar um bótakröfur að hálfu váttryggðs skuldbinda ekki félagið.

## 12 Aukin áhætta

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina váttryggðu áhættu, svo sem um notkun og gerð váttryggðs skips. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

## 13 Varúðarreglur

- 13.1. Þegar skip er í höfn eða lægi skal ganga tryggilega frá festum þess. Jafnframt ber váttryggðum að hafa reglubundið eftirlit með skipinu.
- 13.2 Váttryggðum ber að fylgja greindum fyrirmælum eða opinberum fyrirmælum, sem sett eru til að tryggja öryggi skips á sjó eða í lægi.
- 13.3 Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

## 14 Gáleysi og ásetningur

- 14.1 Ef váttryggður hefur af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.
- 14.2 Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

## 15 Tjónsfrádráttur

Bætur vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar sbr. gr. 6.2, 6.3 og 7 aðrar en fyrir algert tjón, skulu háðar frádrætti, eins og hann er ákveðinn í váttryggingarsamningnum.

## 16 Réttur félagsins til að fjalla um kröfu þriðja aðila

Ef skaðabótakrafa kemur fram á hendur váttryggðum á því sviði, sem váttryggingin nær til á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn, ef til hennar kemur. Sama gildir um laun fyrir björgun eða aðstoð. Komi váttryggður í veg fyrir, að félagið geti fjallað um slíkt mál, og tjón verður hærra af þeim sökum, er félaginu ekki skylt að greiða hækkunina.

## 17 Fjárhæð váttryggingarbóta

- 17.1 Ef skipið ferst eða verður dæmt óbætandi, sbr. b. lið 6.1 gr. bætir félagið tjónið með því að greiða váttryggingarverðið, sbr. 1. og 3. gr.
- 17.2 Bætur fyrir skemmdir eða missi skipsins skulu við hvern einstakan váttryggingaratburð ekki vera hærrí en váttryggingarverðið, nema annað leiði af 30.gr. laga nr. 30/2004.

17.3 Bætur vegna ábyrgðar gagnvart þriðja aðila, sbr. 6.4 gr., skulu við hvern einstakan váttryggingaratburð ekki vera hærrí en váttryggingarverðið.

## 18 Krafa um bætur fyrir algert tjón

Vilji váttryggður krefjast bóta fyrir algert tjón á grundvelli b. liðar 6.1 gr., skal hann tilkynna félaginu það án ástæðulausrar tafar eftir að skipinu er bjargað og váttryggður hefur haft tækifæri til að skoða skemmdirnar.

## 19 Réttur til leifa váttryggðra hluta

Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir tjón öðlast það rétt váttryggðs til þess, sem enn kann að vera til af munum, er það hefur bætt.

## 20 Endurkröfuréttur

Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki, sem bótunum nemur. Váttryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

## 21 Greiðsluskylda félagsins

Váttryggðum ber að sýna fram á að tjón falli undir váttryggingarsamninginn og ber einnig sönnunarbyrði um umfang tjónsins. Krefja má um greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til þess að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bótanna.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

## 22 Tímastærir - Fyrning

Váttryggingartaki glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
  2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.
- Krafa váttryggingartaka um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

## 23 Almennt um iðgjaldið

- 23.1 Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins, en félagið og váttryggingartaki eða samtök útvegsmanna í umboði hans skulu fyrir hver áramót semja um iðgjald er gildi fyrir eitt ár í senn.
- 23.2 Náist ekki samkomulag, er félaginu heimilt að ákveða iðgjaldið. Vilji váttryggingartaki ekki una einhliða iðgjaldsákvörðun félagsins getur hann sagt váttryggingunni upp, sbr. gr. 4.2.
- 23.3 Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.
- 23.4 Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004.
- 23.5 Félaginu er heimilt að draga ógreidd, gjaldfallin iðgjöld váttryggingarinnar frá váttryggingarbótum, sbr. 49. gr. laga nr. 30/2004.

## 24 Endurgreiðsla iðgjalds

- 24.1 Þegar váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi.

- 24.2 Sé váttryggingarverð lækkað að kröfu félagsins, ber því að endurgreiða hlutfallslega af þeim hluta iðgjaldsins, sem reiknaður hefur verið fyrir áhættuna af algeru tjóni.
- 24.3 Iðgjald er þó ekki endurgreitt þegar bátur verður fyrir algeru tjóni á váttryggingartímabilinu og félagið hefur greitt bætur vegna altjóns.
- 24.4 Engin endurgreiðsla er vegna hafnarlegu.

## 25 Eigandaskipti

Ef eigandaskipti verða að skipinu eða það er sett undir aðra útgerðarstjórn, fellur váttryggingin úr gildi.

## 26 Réttur veðhafa gagnvart félaginu - Tilkynning um veðsetningu

- 26.1 Nú eru hinir váttryggðu hagsmunir veðsettir og telst þá váttryggingin einnig vera veðhafa til hagsbóta, þó svo að veðhafi öðlist ekki meiri rétt gagnvart félaginu en eigandinn.
- 26.2 Hafi eigandinn eða félagið tilkynnt veðsetninguna, gilda reglurnar í 26 - 28 gr. hér á eftir. Slík tilkynning hefur áhrif, er hún kemur til félagsins.
- 26.3 Félagið skal tilkynna veðhafa um að því hafi verið skýrt frá veðsetningunni og hver réttaráhrif það hafi.

## 27 Uppsögn og aðrar ráðstafanir yfir váttryggingunni

- 27.1 Eigandi getur ekki, svo gilt sé gagnvart veðhafa, breytt, rift eða sagt upp váttryggingarsamningnum. Ákvæði greinar 24 í váttryggingarskilmálunum um brottfall váttryggingarinnar við eigandaskipti gilda einnig gagnvart veðhafa.
- 27.2 Ef félagið segir váttryggingarsamningnum upp er því skylt að skýra veðhafa frá uppsögninni með sama fyrirvara og eiganda. Félagið getur ekki borið fyrir sig gagnvart veðhafa að það sé laust úr ábyrgð vegna ógreidds iðgjalds, nema það hafi einnig tilkynnt veðhafanum um vanskilin.

## 28 Uppgjör tjóna, ákvörðun bóta

- 28.1 Eigandinn og félagið taka nauðsynlegar ákvarðanir í sambandi við tjón sem ber að höndum, útreikning bóta og málatalibúnað vegna kröfu á hendur þriðja manni.
- 28.2 Þegar um algert tjón er að ræða, getur eigandi ekki skert rétt veðhafa með því að afsala sér rétti til bóta að nokkru eða öllu leyti.

## 29 Greiðsla bóta

- 29.1 Við algert tjón gengur krafa veðhafa fyrir rétti eiganda.
- 29.2 Félaginu er ekki heimilt að greiða skaðabótakröfu þriðja manns öðrum en honum sjálfum.
- 29.3 Félaginu er heimilt, án samþykkis veðhafa, að skuldajafna með kröfum, sem félagið á á hendur eiganda. Skuldajafnaðarréttur þessi takmarkast þó við kröfur, sem fallið hafa í gjalddaga tvö síðustu árin áður en greiðsla bóta fór fram.

## 30 Reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur váttryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggðs, eiga einnig við um bótarétt váttryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna váttryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

## 31 Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningu um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.



Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

## 32 Heimili og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál, sem rísa kunna vegna skírteinis eða skilmála þessara, skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015 og koma í stað skilmála þeirra sem giltu frá 1. janúar 2006.**

[Efst á skjal](#)